

Algengar spurningar í tengslum við atvinnuskírteini og mönnun vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.

Útgáfa atvinnuskírteina:

Gefa sýslumenn ekki lengur út atvinnuskírteini sjómanna?

Nei. Siglingastofnun Íslands gefur nú út atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna í stað sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík. Þykir það horfa til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðipækkingu við útgáfu skírteina er talið heppilegra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun.

Gefur Siglingastofnun áfram út alþjóðleg STCW-skírteini?

Já. Siglingastofnun fer samkvæmt lögum nr. [76/2001](#) um áhafnir farþegaskipa og flutningaskipa og reglugerð nr. [416/2003 m. breytingum](#), með útgáfu alþjóðlegra STCW-skírteina. Þeir sem vélstjórnarmenn sem starfa á íslenskum og erlendum farþegaskipum og flutningaskipum þurfa að uppfylla skilyrði þeirra laga og reglna og afla sér slíks skírteinis.

Hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn um atvinnuskírteini sjómanna?

[Upplýsingar um það eru á umsóknareyðublaði.](#)

Miðast atvinnuréttindi vélstjóra enn við kílóvött?

Atvinnuréttindi vélstjóra miðast áfram við samanlagt skráð afl aðalvéla í kW á svipaðan hátt og í fyrri atvinnuréttindalögum, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum.

Hvað með réttindi á skip með minni vélum?

Gerðar eru breytingar á réttindaflokkum vegna starfa á skipum með vélarafli undir 750 kW í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skírteinisútgáfu vegna vélstjórnarréttinda. Breytingarnar taka m.a. mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára.

Hvað eru “önnur skip”?

Önnur skip eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001 og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum nr. 30/2007. Þetta geta t.d. verið dráttarskip, dýpkunarskip, sanddæluskip, hafnsögubátar, rannsóknarskip, sjómælingaskip, tollskip, vitaskip og skólaskip.

Vélstjórnarskírteini

Hver gefur út atvinnuskírteini vélstjórnarmanna?

Siglingastofnun Íslands gerir það. Umsækjandi þarf að fylla út og undirrita [umsóknareyðublað](#) og senda Siglingastofnun Íslands ásamt þeim gögn sem þar eru tilgreind.

Hvaða réttindi gefur viðkomandi námstig í vélstjórnarnámi á fiskiskip og önnur skip?

Hvaða siglingatíma þarf til að fá atvinnuskírteini?

Hver er lágmarksaldur til að fá atvinnuskírteini?

Hverjir eru nýju skírteinaflokkarnir og tengsl þeirra við eldri skírteinin?

Vélgæslunám (smáskip):

Skírteini	Siglingatími	Eldra skírteini
Smáskipa vélavörður 750 kW og minna og 12 m og styttri (SSV)	Enginn	VM – vélgæslunámskeið
Vélavörður 750 kW og minna (VV)	Enginn	VV og VVY – 1. stig
Yfirvéltjóri 750 kW og minna og að 24 metrum (VVY)	4 mánuðir sem vélavörður	VVY – 1. stig

Vélstjórnarnám A (750 kW)

Skírteini	Siglingatími	Eldra skírteini
1. Vélavörður 750 kW og minna (VV)	Enginn	VV og VVY – 1. stig
2. Yfirvéltjóri 750 kW og minna (VS.III)	9 mánuðir sem vélavörður	VS.III – 2. stig VVY – 1. stig að undan- gengnu viðbótarnámi

Vélstjórnarnám B (1500 kW)

Skírteini	Siglingatími	Eldra skírteini
1. Vélavörður 750 kW og minna (VV)	Enginn	
2. Yfirvéltjóri 750 kW og minna (VS.III)	8 mánuðir sem vélavörður	
3. 1. véltjóri 1500 kW og minna og undirvéltjóri 3000 kW og minna (VS.II)	12 mánuðir sem vélavörður eða véltjóri á skipi, þar af a.m.k. 3 mánuðir sem véltjóri	VS.II – 3. stig
4. Yfirvéltjóri 1500 kW og minna og undirvéltjóri ótakmarkað (VS.I)	18 mánuðir sem véltjóri eða vélavörður á skipi, þar af 9 mánuðir sem véltjóri	VS.I – 3. stig

Vélstjórnarnám C (3000 kW)

Skírteini	Annað	Siglingatími	Eldra skírteini
1. Vélavörður 750 kW og minna (VV)		Enginn	
2. Yfirvéltjóri 750 kW og minna (VS.III)		3 mánuðir sem vélavörður eða véltjóri	
3. 1. véltjóri 1500 kW og minna og undirvéltjóri 3000 kW og minna (VS.II)		1 mánuður	

4. Yfirvélstjóri 1500 kW og minna og undirvélstjóri ótakmarkað (VS.I)		9 mánuðir sem vélstjóri	
5. 1. vélstjóri minna en 3000 kW (VF.IV)	Sveinspróf eða viðurkennd verkstæðisþjálfun í landi eða um borð	12 mánuðir sem vélstjóri	
6. Yfirvélstjóri minna en 3000 kW (VF.III)	Sveinspróf eða viðurkennd verkstæðisþjálfun í landi eða um borð	12 mánuðir sem vélstjóri eftir að hafa öðlast réttindi sem 1. vélstjóri	VF.II – 4. stig

Vélstjórnarnám D (ótakmarkað)

Skírteini	Annað	Siglingatími	Eldra skírteini
1. Vélavörður 750 kW og minna (VV)		Enginn	
2. Yfirvélstjóri 750 kW og minna (VS.III)		1 mánuður	
3. 1. vélstjóri 1500 kW og minna og undirvélstjóri minna en 3000 kW (VS.II)		1 mánuður	
4. Yfirvélstjóri 1500 kW og minna og undirvélstjóri ótakmarkað (VS.I)		9 mánuðir sem vélstjóri	VS.I – 3. stig
7. 1. vélstjóri ótakmarkað og yfirvélstjóri minna en 3000 kW (VF.II)	Sveinspróf eða viðurkennd verkstæðisþjálfun í landi eða um borð	12 mánuðir sem vélstjóri	VF.II – 4. stig
8. Yfirvélstjóri ótakmarkað(VF.I)	Sveinspróf eða viðurkennd verkstæðisþjálfun í landi eða um borð	24 mánuðir sem vélstjóri, eftir að hafa öðlast rétt til að vera 1. vélstjóri - ótakmarkað	VF.I – 4. stig

* Heimilt er að margfalda dagafjölda skv. sjóferðabók eða vottorði lögskráningarstjóra með stuðlinum 1,5 enda sé vinnuframlag skipverja á 24 klukkustunda tímabili a.m.k. 12 tímar eða meira.

Er hægt að fá undanþágu frá kröfu um atvinnuskírteini?

Já, það er hægt í undantekningartilfellum og þegar menn með skírteini vantar til starfa. Þá þarf að senda [umsókn um undanþágu](#) til undanþágunefndar sem starfar skv. 13. gr. laga nr. 30/2007.

Slík undanþága er veitt til að gegna tiltekinni stöðu á tilteknu skipi í allt að 6 mánuði og aðeins til þess sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur. Ef ekki er krafist skírteinis í næstu lægri stöðu má veita þeim undanþágu sem að mati undanþágunefndar hefur næga þekkingu og reynslu. Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra eða yfirvélstjóra nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Hvaða reglur gilda um fjölda vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum?

Lágmarksfjöldi vélstjórnarmanna á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum tekur nú annars vegar mið af skráðu vélarafli skipsins í kW og hins vegar af ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, sjá 12. gr. laga nr. 30/2007.

Vélarafli skips	Vélstjórn
250 til og með 750 kW og skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd	Vélavörður (SSV), sem má vera hinn sami og skipstjóri (SS) sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og hafi skírteini til að gegna þeim störfum. Ekki er skylt að vélavörður sé í áhöfn skips ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.
250 til og með 750 kW og skip 24 metrar og styttri að skráningarlengd	Yfirvélstjóri (VVy) og vélavörður (VV). Heimilt er að vera án vélavardar að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útivistartími er styttri en 14 klst.
250 til og með 750 kW	Yfirvélstjóri (VS.III) og vélavörður (VV). Heimilt er að vera án vélavardar að fenginni heimild mönnunarnefndar ef útivistartími er styttri en 14 klst.
751 til og með 1500 kW	Yfirvélstjóri (VS.I) og 1. vélstjóri (VS.II)
1501 til og með 1800 kW	Yfirvélstjóri (VF.III) og 1. vélstjóri (VF.IV)
1800 kW - 3000 kW	Yfirvélstjóri (VF.III), 1. vélstjóri (VF.IV) og undirvélstjóri (VS.II)
>3000 kW	Yfirvélstjóri (VF.I), 1. vélstjóri (VF.II) og undirvélstjóri (VS.I)

Er hægt að fá frávík frá þessum reglum um lágmarksfjölda vélstjórnarmanna?

Já, það er hægt með því að senda [erindi til mönnunarnefndar skipa](#) sem starfar skv. 13. gr. laga nr. 30/2007 og reglugerð um mönnunarnefnd skipa, 420/2003.

[Hér](#) má nálgast úrskurði mönnunarnefndar fiskiskipa sem jafnframt eru færðir í lögskráningarkerfi sjómanna.

Þarf að endurnýja skírteini sem voru gefin út á síðasta ári eða áður og giltu til fimm ára?

Nei, það þarf ekki, þau halda gildi sínu þar til þau renna út. Ef menn kjósa sjálfir er hægt að fá ný atvinnuskírteini útgefin miðað við nýju skírteinaflokkana.

Hvað eru skírteinin gefin út til langs tíma?

Skírteini eru gefin út til 5 ára í senn hvort sem þau eru gefin út í fyrsta sinn eða endurnýjuð. Við endurnýjun skírteinis sem ekki fellur undir alþjóðasamþykktir (STCW-F), þ.e. skírteini sem skipstjóri á skipum 30 brl. eða 12 metrar og styttri í strandsiglingum, er skírteinið gefið út til 10 ára.

Ég hef ekki verið á sjó sl. 5 ár. Get ég endurnýjað skírteini mitt?

Við endurnýjun skírteina er miðað við að umsækjandi hafi að baki siglingatíma í a.m.k. eitt ár á síðustu fimm árum. Ef svo er ekki, þarf:

- hafa sinnt sambærilegu starfi í landi í sama tíma eða
- hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu endurmenntunarnámskeiði eða
- hafa a.m.k. þriggja mánaða siglingatíma í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu, þ.e. að lokinni endurnýjun en þá á viðkomandi rétt á fullri endurnýjun þeirra réttindanna sem hann áður hafði.

Geta útlendingar verið vélstjórnarmenn á íslenskum fiskiskipum?

- Ef lögskrá á útlendinga á íslenskt skip þurfa þeir kennitölu.
- Þeir þurfa á sama hátt og íslenskir sjómenn að hafa lokið öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna. Hafi þeir lokið slíku námi í sínu heimalandi þarf að senda staðfestingu þess til Slysavarnaskóla sjómanna sem metur þau gögn og skráir í lögskráningarkerfi sjómanna ef þau eru fullnægjandi.
- Tilkynna þarf Vinnumálastofnun um ráðningu sjómanna frá Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklandi og Ungverjalandi
- Sjómenn utan EES þurfa atvinnuleyfi
- Þeir útlendingar sem vilja starfa sem skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á íslenskum fiskiskipum þurfa að sækja um áritun á atvinnuskírteini sitt, fylla út og undirrita umsóknareyðublað og senda þau gögn sem þar eru tilgreind. Um þetta gildir 10. gr. laga nr. [30/2007](#) og 24. gr. reglugerðar nr. [175/2008 með síðari breytingum](#).